

Föstudaginn 2. desember 1994.

Nr. 473/1994.

Hjálmur hf.

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Vélsmiðjunni Mjölni hf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 17. nóvember 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða, upp kveðinn 8. nóvember sl., og er kæruheimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrir Hæstarétti gerir sóknaraðili þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dómkvöddu matsmönnunum Þórði Theodórssyni og Bjarna Sigurðssyni verði gert að ljúka mati samkvæmt dómkvaðningu 14. febrúar 1994, sem fór fram á grundvelli matsbeiðni sóknaraðila, með því að láta uppi rökstutt álit á tvennu, annars vegar, hvort efnisverð í reikningum varnaraðila á hendur sóknaraðila sé eðlilegt og sanngjarnt, en ef svo er ekki, þá, hvert teljist eðlilegt og sanngjarnt efnisverð, hins vegar, hvort efnis- og vinnumagn og verð vegna framkvæmda varnaraðila í vélskipinu Æsu, ÍS-87, sé í eðlilegu samræmi við umfang framkvæmdanna, en ef svo er ekki, þá, hvert sé hæfilegt efnis- og vinnumagn og sanngjarnt endurgjald fyrir það. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til röksemda í hinum kærða úrskurði þykir mega fallast á, að dómkvöddu matsmennirnir hafi þegar látið nægilega uppi álit á þeim atriðum, sem fyrri athugasemd sóknaraðila við matsgerð þeirra beinist að, enda gefst honum kostur á að leggja eftir þörfum fyrir þá spurningar við skýrslugjöf fyrir dómi. Þá felur síðari athuga-

semd sóknaraðila í raun í sér kröfu um, að lagt verði fyrir matsmennina að svara spurningum, sem var ekki beint til þeirra í samsvarandi horfi í dómkvæðingu. Samkvæmt þessu eru því ekki efni til að verða við kröfum sóknaraðila.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Kröfu sóknaraðila, Hjalms hf., um, að lagt verði fyrir dómkvöddu matsmennina Þórð Theodórsson og Bjarna Sigurðsson að taka upp matsgerð sína, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Vélsmiðjunni Mjölni hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 8. nóvember 1994.

Lögmaður stefnda hefur með bréfi á dómskjali nr. 40 krafist þess, að lagt verði fyrir dómkvadda matsmenn að endurskoða eða endurmeta ákveðna þætti í fram lagðri matsgerð á dómskjali nr. 34. Hafa sömu matsmenn þó áður svarað skriflegri beiðni lögmannsins á dómskjali nr. 37 um viðbótar-mat með nokkurs konar framhaldsmatsgerð, sem lögð var fram á dómþingi í dag og þingmerkt nr. 41. Kemur þar fram frekari rökstuðningur matsmanna fyrir þeim þáttum í matsbeiðni, sem óskað var nánari skýringa á. Með kröfu sinni á dómskjali nr. 40 þykir lögmaður stefnda vera að leita svara við atriðum, sem ýmist er búið að svara af hálfu hinna dómkvöddu matsmanna, eins og þeir telja frekast mögulegt, að því er ætla verður, eða eru þess eðlis, að falli undir fleiri þætti en einn í upphaflegri matsbeiðni stefnda á dómskjali nr. 25. Er þar um að tefla atriði, sem ætla verður, að leita megi nánari skýringar og staðfestingar á fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Þykir því mega taka undir þau sjónarmið lögmanns stefnanda, sem bókuð voru í réttinum í dag. Er því hrundið þeirri kröfu lögmanns stefnda, að viðkomandi matsmenn verði með úrskurði skyldaðir til að endurmeta eða endurskoða fyrri matsgerð sína í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu lögmanns stefnda um, að lagt verði fyrir dómkvadda matsmenn með úrskurði að endurskoða eða endurmeta fram lagða matsgerð sína í málinu, er hrundið.